



Áfanganúmer: LATÍ2FO13

Prep: 2

Einingar: 13

Forkröfur: LATÍ1MÁ09

Lýsandi heiti: Latína í 5. bekk fornmáladeildar

Áfangalýsing:

Kenndar eru sex kennslustundir á viku. Farið er rækilega í helstu atriði beygingafræði og setningafræði. Lesnir eru meðalþungir kennslubókartextar og frumtextar á síðara misseri. Bókmenntatextar í samfelldu máli eru lesnir, þýddir, greindir málfræðilega og útskýrðir efnislega. Tengsl latneskra orðstofna við nýmálin eru útskýrð og fjallað er um menningu og sögu Rómverja í máli og myndum í tengslum við lesefni.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennar þekkingar og hafa skilning á:

- almennri setningafræði klassískrar latínu
- meðalþungum orðaforða klassískrar latínu
- sögu og hugmyndaheimi Rómverja með áherslu á 1. öld fyrir Krist

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa og skilja meðalþunga kennslubókartexta og frumtexta af nákvæmni
- greina meðalþunga texta málfræði- og setningafræðilega
- þýða á latínu meðalþunga texta í samhengi
- þýða á íslensku meðalþunga latneska texta með hjálp orðabókar
- nota latneskar orðabækur
- tjá sig um latínu sem fræðigreini með viðeigandi fræðiheimum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hefja lestur latneskra frumtexta
- skilja tengsl latínu og vestrænna tungumála almennt og hagnýta sér þau við annað nám
- skilja betur sérkenni rómversks menningarheims, sögu, lista, bókmennta og vægi hans sem undirstöðu vestrænnar menningar

Mat á hæfniviðmiðum

Nemendur leysa að jafnaði eina skriflega æfingu vikulega, stíl upp úr því námsefni sem til umfjöllunar er hverju sinni eða ólesna þýðingu ótengda námsefni. Eitt stórt hópverkefni er gert á skólaárinu, útgáfa Latínublaðsins Idus Martii. Skyndipróf eru að meðaltali tvö á hvoru misseri.

- Námsseinkunn byggir á mætingu, virkni í tímum, verkefni (Idus Martii) og meðaltali í skriflegum æfingum, jafnt vikulegum stílum og ólesnum þýðingum sem stærri kaflaprófum.
- Jólapróf: Skriflegt próf í 90 mínútur.
- Vorpróf: Skriflegt próf í 90 mínútur.